# TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/92/ESB

**2013/EES/14/03**

**frá 13. desember 2011**

**um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið** (*)

**(kerfisbundin útgáfa)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Samkvæmt 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal stefna Sambandsins í umhverfismálum byggjast á varúðarreglunni og þeim meginreglum að gripið skuli til fyrirbyggjandi aðgerða, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á sér stað og að mengunarvaldurinn skuli greiða. Taka skal tillit til umhverfisáhrifa eins fljótt og auðið er í öllum ferlum við tæknilega áætlanagerð og ákvarðanatöku.

3) Samræma ber meginreglur um mat á umhverfisáhrifum, einkum að því er varðar þær framkvæmdir sem ættu að vera háðar mati, helstu skyldur framkvæmdaraðila og innihald matsins. Aðildarríkjum er heimilt að setja strangari reglur í því skyni að vernda umhverfið.

4) Að auki er nauðsynlegt að ná einu af markmiðum Sambandsins á sviði umhverfisverndar og lífsgæða.

5) Í umhverfislöggjöf Sambandsins eru ákvæði sem gera það kleift að opinber yfirvöld og aðrir aðilar taki ákvarðanir sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið sem og heilbrigði og vellíðan einstaklinga.

6) Kveða skal á um almennar meginreglur um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að bæta við og samræma málsmeðferðarreglur fyrir leyfisveitingu framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem eru líklegar til að hafa veruleg umhverfisáhrif.

7) Einungis skal veita leyfi fyrir framkvæmdum á vegum hins opinbera eða einkaaðila, sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, að loknu mati á þessum umtalsverðu umhverfisáhrifum sem líklegt er að þær hafi í för með sér. Það mat skal fara fram á grundvelli viðeigandi upplýsinga frá framkvæmdaraðilanum, sem yfirvöldum og almenningi, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd, er heimilt að bæta við.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 248, 25.8.2011, bls. 154.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. september 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. nóvember 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40.

([4]) Sjá A-hluta VI. viðauka.

8) Framkvæmdir af vissum tegundum hafa umtalsverð umhverfisáhrif og þær framkvæmdir skulu almennt háðar kerfisbundnu mati.

9) Framkvæmdir af öðrum tegundum hafa hugsanlega ekki umtalsverð umhverfisáhrif í öllum tilvikum og þær framkvæmdir skulu metnar þegar aðildarríkin álíta að þær séu líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

10) Aðildarríkjum er heimilt að setja mörk eða viðmiðanir í þeim tilgangi að ákvarða hverjar af umræddum framkvæmdum ber að meta á grundvelli umfangs umhverfisáhrifa þeirra. Aðildarríkjum er ekki skylt að rannsaka framkvæmdir sem eru undir þessum mörkum eða falla utan þessara viðmiðana, í hverju tilviki fyrir sig.

11) Þegar verið er að setja slík mörk eða viðmiðanir um að rannsaka framkvæmdir í hverju tilviki fyrir sig, í þeim tilgangi að ákvarða hvaða framkvæmdir ber að meta á grundvelli verulegra umhverfisáhrifa þeirra, skulu aðildarríki taka til greina viðeigandi valforsendur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í samræmi við nálægðarregluna eru það aðildarríkin sem eru í bestri aðstöðu til að beita þessum forsendum í hverju og einu tilviki.

12) Að því er varðar framkvæmdir sem eru háðar mati skal leggja fram tilteknar lágmarksupplýsingar um viðkomandi framkvæmd og áhrif hennar.

13) Rétt þykir að mæla fyrir um málsmeðferð sem gerir framkvæmdaraðilanum kleift að fá álit hjá lögbærum yfirvöldum um innihald og umfang upplýsinganna sem skal útfæra og leggja fram vegna matsins. Innan ramma þeirrar málsmeðferðar er aðildarríkjum m.a. heimilt að krefjast þess að framkvæmdaraðili leggi til aðra valkosti við framkvæmdina sem hann hyggst leggja fram umsókn fyrir.

14) Leggja skal mat á áhrif framkvæmdar á umhverfið til að uppfylla þá nauðsyn að vernda heilbrigði manna, stuðla að lífsgæðum með bættu umhverfi, að sjá til þess að fjölbreytni tegunda sé varðveitt og að viðhalda tímgunargetu í vistkerfinu sem er grundvöllur alls lífs.

15) Æskilegt er að mæla fyrir um hert ákvæði varðandi mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri í því skyni að taka mið af þróun á alþjóðavísu. Evrópubandalagið undirritaði samninginn um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri þann 25. febrúar 1991 og fullgilti hann þann 24. júní 1997.

16) Virk þátttaka almennings við töku ákvarðana ætti að gera almenningi kleift að láta í ljós skoðanir og áhyggjur, sem kunna að skipta máli fyrir viðkomandi ákvarðanir, og gefa þeim sem tekur ákvörðunina færi á að taka tillit til þeirra og leiða þar með til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í ferlinu við ákvarðanatökuna, gera almenning meðvitaðri um umhverfismál og afla stuðnings við þær ákvarðanir sem teknar eru.

17) Til samræmis við það skal styðja við þátttöku, þ.m.t. þátttöku samtaka, félaga og hópa, einkum frjálsra félagasamtaka, sem vinna að umhverfisvernd, m.a. með því að efla þekkingu almennings á umhverfismálum.

18) Evrópubandalagið undirritaði samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum („Árósasamninginn“) þann 25. júní 1998 og fullgilti hann þann 17. febrúar 2005.

19) Á meðal markmiða Árósasamningsins er að tryggja rétt almennings til að koma að töku ákvarðana í umhverfismálum, í þeim tilgangi að stuðla að vernd réttar hvers og eins til að búa í umhverfi sem er fullnægjandi að því er varðar heilbrigði og vellíðan.

20) Í 6. gr. Árósasamningsins er kveðið á um þátttöku almennings í ákvörðunum um sértækar aðgerðir sem eru skráðar í I. viðauka við hann og aðgerðir sem eru ekki skráðar þar en geta haft umtalsverð umhverfisáhrif.

21) Í 2. og 4. mgr. 9. gr. Árósasamningsins er kveðið á um aðgang að lagameðferð eða annars konar meðferð til að vefengja efnislegt eða formlegt lögmæti ákvarðana, aðgerða eða aðgerðarleysis með tilliti til ákvæða um þátttöku almennings í 6. gr. samningsins.

22) Þessi tilskipun gildir þó ekki um framkvæmdir, sem hafa verið samþykktar í einstökum atriðum með sértækum gerðum í landslöggjöf, í ljósi þess að markmiðum þessarar tilskipunar, þ.m.t. upplýsingaskil, er náð með lagasetningarmeðferð.

23) Enn fremur kann að vera viðeigandi í undantekningartilvikum að tiltekin framkvæmd sé undanþegin frá þeim málsmeðferðarreglum við mat, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, með fyrirvara um að framkvæmdastjórnin og sá hluti almennings sem málið varðar fái viðeigandi upplýsingar.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

25) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta V. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Tilskipun þessi gildir um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem líklegt er að hafi umtalsverð umhverfisáhrif.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „framkvæmdir“:

– byggingaframkvæmdir, eða aðrar framkvæmdir í tengslum við mannvirki eða kerfi,

– hvers kyns röskun á landslagi og náttúru, þar með talin námavinnsla,

b) „framkvæmdaraðili“: sá sem sækir um leyfi fyrir einkaframkvæmdum eða stjórnvald sem hefur forgang um að hefja framkvæmdir,

c) „leyfi til framkvæmda“: heimild lögbærra yfirvalda til handa framkvæmdaraðila til að hefja framkvæmdir,

d) „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við löggjöf eða venju í viðkomandi ríki, samtök þeirra, félög eða hópar,

e) „sá hluti almennings sem málið varðar“: sá hluti íbúanna, sem verður fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem á hagsmuna að gæta vegna málsmeðferðar við töku ákvarðana í umhverfismálum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. Samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta,

f) „lögbært yfirvald eða yfirvöld“: það yfirvald eða þau yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna og bera skulu ábyrgð á að staðið sé við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

3. Aðildarríkin geta, í hverju tilviki fyrir sig ef kveðið er á um það í landslögum, ákveðið að beita ekki þessari tilskipun að því er varðar framkvæmdir sem hafa það að markmiði að þjóna landvörnum ef þau telja að slík beiting hefði skaðleg áhrif á markmið þeirra.

4. Tilskipunin gildir ekki um framkvæmdir, sem hafa verið samþykktar í einstökum atriðum með sértækum gerðum í landslöggjöf, í ljósi þess að markmiðum þessarar tilskipunar, þ.m.t. upplýsingaskil, er náð með lagasetningarmeðferð.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi fyrir framkvæmdum, sem líklegt er að hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, verði ekki veitt fyrr en farið hefur fram mat á því hver áhrifin kunna að verða. Þessar framkvæmdir eru skilgreindar í 4. gr.

2. Fella má mat á umhverfisáhrifum inn í gildandi málsmeðferðarreglur aðildarríkjanna um leyfi fyrir framkvæmdum eða að öðrum kosti fella það inn í aðrar málsmeðferðarreglur eða málsmeðferðarreglur sem settar verða til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um eina sameiginlega málsmeðferð til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([5]).

4. Í undantekningartilvikum geta aðildarríkin, með fyrirvara um 7. gr., heimilað að einstakar framkvæmdir séu með öllu eða að hluta til undanþegnar ákvæðum þessarar tilskipunar.

Ef svo er ber aðildarríkjunum:

a) að vega og meta hvort æskilegt sé að láta fara fram annars konar mat,

b) að gera þeim hluta almennings sem málið varðar aðgengilegar þær upplýsingar sem aflað er í tengslum við annars konar mat, sem um getur í a-lið, upplýsingarnar sem tengjast ákvörðun um veitingu undanþágu og ástæðurnar fyrir því að hún er veitt,

c) að gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því, áður en leyfið er veitt, á hvaða forsendum undanþágan er veitt og, þar sem við á, láta fylgja þær upplýsingar sem ríkisborgarar þeirra hafa aðgang að.

Framkvæmdastjórnin skal senda þegar í stað öll þau gögn sem hún fær áfram til hinna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu árlega um hvernig ákvæðum þessarar málsgreinar er beitt.

([5]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

*3. gr.*

Í mati á umhverfisáhrifum skal í hverju einstöku tilviki greina, lýsa og meta á viðeigandi hátt, í samræmi við 4.–12. gr., bein og óbein áhrif framkvæmda á eftirfarandi þætti:

a) menn, dýr og plöntur,

b) jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag,

c) efnisleg verðmæti og menningararfleifð,

d) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið.

*4. gr.*

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 2. gr. skulu framkvæmdir, sem taldar eru upp í I. viðauka, vera háðar mati í samræmi við 5. til 10. gr.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. 2. gr. skulu aðildarríki ákveða hvort framkvæmdir, sem tilgreindar eru í II. viðauka, skuli vera háðar mati í samræmi við 5. til 10. gr. Aðildarríki skulu byggja þá ákvörðun á:

a) rannsókn á hverju tilviki fyrir sig,

eða

b) mörkum eða viðmiðunum sem aðildarríkið hefur ákveðið.

Aðildarríkin geta ákveðið að beita báðum þeim aðferðum sem um getur í a- og b-lið.

3. Þegar rannsókn er gerð á hverju tilviki fyrir sig eða mörk eða viðmiðanir eru settar, að því er varðar 2. mgr., skal taka tillit til viðeigandi valforsendna í III. viðauka.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að sú ákvörðun sem lögbær yfirvöld taka skv. 2. mgr. verði kynnt fyrir almenningi.

*5. gr.*

1. Þegar um er að ræða framkvæmdir, sem skv. 4. gr. eru háðar mati á umhverfisáhrifum skv. þessari grein og 6.–10. gr., skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdaraðilinn leggi fram á viðeigandi hátt þær upplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka að því leyti sem:

a) aðildarríkin telja að upplýsingarnar eigi sérstaklega við þegar afgreiðsla leyfis er komin á tiltekið stig og gildi einkum um einstök atriði í sérstakri framkvæmd eða sérstökum tegundum framkvæmda og fyrir það umhverfi sem líklegt er að verði fyrir áhrifum,

b) aðildarríkin telja sanngjarnt að krefja framkvæmdaraðilann um að safna saman upplýsingum þessum meðal annars í ljósi nútímaþekkingar og nýjustu matsaðferða.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, fari framkvæmdaraðilinn fram á það áður en hann leggur fram umsókn um leyfi til framkvæmda, að lögbært yfirvald segi til um hvaða upplýsingar framkvæmdaraðilinn skuli veita í samræmi við 1. mgr. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við framkvæmdaraðilann og yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., áður en það gefur umsögnina. Enda þótt yfirvaldið hafi gefið umsögn samkvæmt þessari málsgrein getur það eigi að síður krafist þess að framkvæmdaraðilinn veiti nánari upplýsingar síðar.

Aðildarríkin geta krafist þess að lögbær yfirvöld veiti slíka umsögn, hvort sem framkvæmdaraðilinn fer fram á það eður ei.

3. Í upplýsingum þeim, sem framkvæmdaraðila er skylt að leggja fram skv. 1. mgr., komi fram a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) lýsing á framkvæmdinni ásamt upplýsingum um stað, hönnun og umfang framkvæmdanna,

b) lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, ráða bót á verulegum skaðlegum áhrifum,

c) öll gögn sem nauðsynleg eru til þess að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmdirnar eru líklegar til að hafa á umhverfið,

d) yfirlit yfir aðra kosti sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað ásamt helstu forsendum fyrir vali hans, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa,

e) samantekt sem ekki er á tæknimáli um upplýsingarnar í a- til d-lið.

4. Ef þörf krefur skulu aðildarríkin sjá til þess að yfirvöld, sem kunna að búa yfir upplýsingum er varða málið sérstaklega, einkum með tilliti til 3. gr., láti þær framkvæmdaraðilanum í té.

*6. gr.*

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar varði sökum þess að umhverfismál heyra að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á umsókn hans um leyfi til framkvæmda. Í þessu skyni tilnefna aðildarríkin yfirvöld sem séu ráðgefandi um þessi mál, hvort heldur er almennt eða í hverju tilviki fyrir sig. Upplýsingar, sem teknar eru saman skv. 5. gr., skulu sendar þessum yfirvöldum. Aðildarríkin mæla ítarlega fyrir um framkvæmd ráðgjafarinnar.

2. Almenningur skal upplýstur, með opinberum tilkynningum eða á annan viðeigandi hátt, s.s. rafrænum miðlum ef þeir eru tiltækir, um eftirfarandi atriði snemma í ferlinu við ákvarðanatöku í tengslum við umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., eða eigi síðar en svo fljótt sem með sanngirni má ætlast til að leggja megi upplýsingarnar fram:

a) umsókn um leyfi,

b) að verkefnið falli undir málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum og, ef við á, að 7. gr. gildi,

c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

e) hversu aðgengilegar upplýsingarnar, sem aflað er skv. 5. gr., eru,

f) tilgreining á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

g) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 5. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu, innan hæfilegra tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

a) öllum upplýsingum sem aflað er skv. 5. gr.,

b) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, er upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,

c) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([6]): upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

4. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal fá snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar töku ákvarðana í umhverfismálum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og skal hann í því skyni eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit meðan allir valkostir standa lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum til boða áður en ákvörðun um leyfisumsókn er tekin.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og með því að hafa samráð við almenning, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun).

6. Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið virkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

*7. gr.*

1. Þegar aðildarríki er kunnugt um að framkvæmdir muni líklega hafa veruleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis eða ef aðildarríki, sem telur líklegt að umhverfi þess verði fyrir verulegum áhrifum, æskir þess ber aðildarríkinu, þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram, að senda hinu aðildarríkinu m.a. eftirfarandi upplýsingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en um leið og almenningur heima fyrir fær þær:

a) lýsingu á framkvæmdunum ásamt öllum fáanlegum upplýsingum um hugsanleg áhrif þeirra yfir landamæri,

b) upplýsingar um eðli hugsanlegrar ákvörðunar.

Aðildarríkið þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram skal gefa hinu aðildarríkinu hæfilegan frest til að tilkynna hvort það vilji taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og má láta upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fylgja.

2. Ef aðildarríki, sem fær upplýsingar skv. 1. mgr., tilkynnir að það hafi hug á að taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. gr. (2. mgr.), skal aðildarríkið, þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar, senda aðildarríkinu sem framkvæmdirnar kunna að hafa áhrif á, hafi það ekki þegar verið gert, upplýsingarnar sem krafist er skv. 6. gr. (2. mgr.) og sem eru gerðar aðgengilegar skv. 6. gr. (a- og b-lið 3. mgr.).

3. Að því marki sem málið varðar einstök aðildarríki skulu þau einnig:

a) sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu, innan hæfilegs frests, tiltækar yfirvöldunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. og almenningi sem málið varðar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum, og

([6]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

b) tryggja að yfirvöld, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. og almenningur, sem málið varðar, eigi þess kost, áður en leyfi til framkvæmdanna er veitt, að láta í ljós skoðanir sínar á veittum upplýsingum innan hæfilegs frests við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hefja viðræður, meðal annars um hugsanleg áhrif framkvæmdanna yfir landamæri og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif, og skulu þau koma sér saman um hæfilegan frest til þeirra viðræðna.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki geta ákveðið ítarlega tilhögun við framkvæmd þessarar greinar og skal hún vera þannig að sá hluti almennings, sem málið varðar, á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem verður fyrir áhrifum, sé gert kleift að taka virkan þátt í ferlinu við töku ákvarðana, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar verkefnið.

*8. gr.*

Í tengslum við málsmeðferð við veitingu leyfis ber að taka mið af niðurstöðum samráðs og þeim upplýsingum sem teknar hafa verið saman skv. 5., 6. og 7. gr.

*9. gr.*

1. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til framkvæmda eða synja um það skal lögbært yfirvald eða yfirvöld tilkynna almenningi um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega:

a) inntak ákvörðunarinnar og hvaða skilyrðum hún er háð,

b) þær ástæður og forsendur, sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsingar um ferlið við þátttöku almennings, eftir að hafa tekið afstöðu til áhyggna og sjónarmiða sem sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur látið í ljós,

c) ef þörf krefur, lýsingu á helstu ráðstöfunum til þess að komast hjá, draga úr og, eftir því sem unnt er, vega upp á móti helstu skaðlegu áhrifunum.

2. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu senda aðildarríki, sem haft hefur verið samráð við skv. 7. gr., upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríkin, sem haft var samráð við, skulu tryggja að upplýsingarnar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.

*10. gr.*

Ákvæði tilskipunar þessarar skulu ekki hafa áhrif á skyldur lögbærra yfirvalda til að virða þær takmarkanir sem landslög og stjórnsýslufyrirmæli, svo og viðteknar lagavenjur, setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þ.m.t. hugverkarétt, eða til að tryggja almannaheill.

Þar sem 7. gr. á við skulu upplýsingar, sem eru sendar frá einu aðildarríki til annars, vera háðar þeim takmörkunum sem gilda í aðildarríkinu þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar.

*11. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi réttarkerfi hvers lands um sig, að sá hluti almennings, sem málið varðar:

a) sem hefur nægjanlegra hagsmuna að gæta eða

b) staðhæfir að brotið sé á rétti sínum, ef gerð er krafa um slíkt í stjórnsýslulögum aðildarríkis,

hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt lögmæti ákvarðana eða málsmeðferðina við töku þeirra, aðgerðir eða aðgerðaleysi sem falla undir ákvæðin um þátttöku almennings samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

3. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Í þessu skyni skulu öll frjáls félagasamtök, sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr., teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skal ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm.

5. Til að auka skilvirkni ákvæða þessarar greinar skulu aðildarríki tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.

*12. gr.*

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum um það hvaða áhrif beiting þessarar tilskipunar hefur.

2. Aðildarríkin skulu einkum gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þeim viðmiðunum og/eða mörkum sem samþykkt eru þegar viðkomandi framkvæmdir eru valdar í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

3. Á grundvelli upplýsingaskiptanna skal framkvæmdastjórnin bera upp viðbótartillögur við Evrópuþingið og ráðið, ef þörf krefur, svo að samræmi verði í beitingu tilskipunar þessarar.

*13. gr.*

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

Tilskipun 85/337/EBE, eins og henni var breytt með þeim tilskipunum sem taldar eru upp í A-hluta V. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að leiða í landslög tilskipanirnar sem eru settar fram í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

*15. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. desember 2011.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| *forseti.* | *forseti.* |
| J. BUZEK | M. SZPUNAR |

*I. VIÐAUKI*

**FRAMKVÆMDIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR.**

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr jarðolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða bikleirsteini á dag.

2. a) Varmaorkuver og aðrar brennslustöðvar með a.m.k. 300 megavatta hitaafköst,

   b) kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar ([7]) eru rifnir niður eða teknir úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kílóvatt heildarhitaafköst þar sem fram fer framleiðsla og umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).

3. a) Stöðvar þar sem geislað kjarnaeldsneyti er endurunnið.

   b) Stöðvar:

      i. til framleiðslu eða auðgunar kjarnaeldsneytis,

      ii. til vinnslu geislaðs kjarnaeldsneytis eða mjög geislavirks úrgangs,

      iii. til endanlegrar förgunar á geisluðu kjarnaeldsneyti,

      iv. eingöngu til endanlegrar förgunar á geislavirkum úrgangi,

      v. eingöngu til geymslu (til meira en 10 ára) á geisluðu kjarnaeldsneyti eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

4. a) Verksmiðjur með blandaða framleiðslu þar sem fram fer frumbræðsla á steypujárni og stáli,

   b) Stöðvar þar sem framleiðsla hrámálms, sem inniheldur ekki járn, úr grýti, kirni eða afleiddu hráefni fer fram með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum.

5. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu á asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20 000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsefni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

6. Efnaverksmiðjur með blandaða framleiðslu, þ.e. stöðvar sem gerðar eru til umfangsmikillar iðnaðarframleiðslu með efnaumbreytingu, eru samliggjandi og hafa sameiginlega starfsemi og framleiða:

   a) lífræn grunnefni,

   b) ólífræn grunnefni,

   c) áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig fjölgildan áburð),

   d) grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og sæfiefni,

   e) grunnlyf með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum,

   f) sprengiefni.

---

([7]) Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar allt kjarnaeldsneyti og önnur geislamenguð efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum.

7. a) Lagning járnbrauta yfir langar vegalengdir, svo og flugvalla ([8]) með 2 100 m langa meginflugbraut eða lengri,

   b) lagning vega og hraðbrauta ([9]),

   c) Lagning nýrra vega með fjórum akreinum eða fleiri eða lagfæring á veglínu og/eða breikkun vegar með tveimur akreinum eða færri til þess að fjölga akreinum í minnst fjórar ef nýi vegurinn eða lagfærð veglína og/eða breikkun er á a.m.k. 10 km löngum samfelldum kafla.

8. a) Skipgengar vatnaleiðir og innhafnir sem skip stærri en 1 350 tonn komast um,

   b) Viðskiptahafnir, hafnargarðar til útskipunar og uppskipunar tengdar landi og ytri hafnir (að frátöldum ferjubryggjum) sem skip stærri en 1 350 tonn geta lagst að.

9. Förgunarstöðvar þar sem hættulegur úrgangur er brenndur, efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang ([10]), eða urðaður eins og það er skilgreint í 2. lið 3. gr. þeirrar tilskipunar.

10. Förgunarstöðvar þar sem hættulaus úrgangur er brenndur eða efnameðhöndlaður samkvæmt skilgreiningu í lið D9 í I. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, og afkastageta er yfir 100 tonn á dag.

11. Kerfi til að vinna grunnvatn eða veita því á svæði ef árlegt magn vatns, sem unnið er eða veitt á, er 10 milljónir rúmmetra eða meira.

12. a) Mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef flutningurinn miðar að því að koma í veg fyrir vatnsskort og magn vatnsins, sem er flutt, er yfir 100 milljónir rúmmetra á ári.

    b) Í öllum öðrum tilvikum: mannvirki til að flytja vatnslindir milli vatnasviða ef meðalstreymi um svæðið, sem safnað er af, er yfir 2 000 milljónir rúmmetra á ári og magnið, sem er flutt, er yfir 5% af því streymi.

    Í báðum tilvikum er flutningur á drykkjarvatni í leiðslum undanskilinn.

13. Skólphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til þarfa 150 000 íbúa samkvæmt skilgreiningu í 6. lið 2. gr. tilskipunar 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([11]).

14. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500 000 rúmmetrum af jarðgasi á dag.

15. Gerð stíflna og annarra mannvirkja til að hemja vatn eða geyma það til langs tíma ef nýtt eða viðbótarmagn vatns, sem hamið er eða geymt, er meira en 10 milljónir rúmmetra.

16. Leiðslur sem eru meira en 800 mm að þvermáli og lengri en 40 km:

    a) til flutninga á gasi, olíu, íðefnum,

    b) til flutninga á koltvísýringsstraumum ($CO_2$-straumum) til geymslu í jörðu, þ.m.t. viðkomandi þjöppunarstöðvar.

17. Stöðvar þar sem fram fer þéttbært eldi alifugla eða svína:

    a) sem rúma 85 000 holdakjúklinga, 60 000 hænur,

    b) sem rúma 3 000 alisvín (yfir 30 kg), eða

    c) sem rúma 900 gyltur.

---

([8]) Í þessari tilskipun merkir „flugvöllur“ flugvelli samkvæmt skilgreiningunni í Chicago-samningnum frá 1944 um stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (14. viðauki).

([9]) Í þessari tilskipun merkir „hraðbraut“ hraðbraut samkvæmt skilgreiningunni í Evrópusamningnum um aðalumferðaræðar milli landa frá 15. nóvember 1975.

([10]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([11]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

18. Iðjuver sem framleiða:

    a) pappírsmauk úr viði eða svipuðum trefjaefnum,

    b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag

19. Grjótnámur og opnar námur sem ná yfir meira en 25 hektara ofanjarðar eða mótekja sem nær yfir meira en 150 hektara.

20. Lagning loftlína sem eru gerðar til flutnings á raforku með að minnsta kosti 220 kV spennu og eru lengri en 15 km.

21. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi, eða efnavörur, með 200 000 tonna geymslugetu eða meira.

22. Geymslusvæði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu ([12]).

23. Stöðvar til föngunar á $CO_2$-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla undir þennan viðauka eða ef heildarföngun $CO_2$ á ári er 1,5 megatonn eða meira.

24. Sérhver breyting eða útvíkkun á framkvæmdum, sem tilgreindar eru í þessum viðauka, svo fremi slík breyting eða útvíkkun uppfylli hugsanleg viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessum viðauka.

———

([12]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114.

*II. VIÐAUKI*

**FRAMKVÆMDIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.**

1. LANDBÚNAÐUR, SKÓGRÆKT OG LAGARELDI

a) Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli,

b) framkvæmdir til að leggja óræktað land eða hálfnáttúruleg svæði undir þéttbæran landbúnað,

c) vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir,

d) nýskógrækt og skógeyðing í þeim tilgangi að breyta nýtingu lands,

e) stöðvar þar sem fram fer þéttbært eldi búfjár (framkvæmdir sem eru ekki í I. viðauka),

f) þéttbært fiskeldi,

g) endurheimt lands frá hafi.

2. NÁMUIÐNAÐUR

a) Grjótnámur, opnar námur og mótekja (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

b) neðanjarðarnámur,

c) vinnsla steinefna með uppmokstri af hafs- eða árbotni,

d) djúpborun, einkum:

i. borun eftir jarðhita,

ii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,

iii. borun eftir vatni,

að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs,

e) iðjuver ofanjarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og bikleirstein.

3. ORKUIÐNAÐUR

a) Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

b) iðjuver til að flytja gas, gufu eða heitt vatn; flutningur á raforku með loftlínum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

c) geymsla jarðgass ofanjarðar,

d) neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi,

e) geymsla jarðefnaeldsneytis ofanjarðar,

f) gerð taflna úr kolum og brúnkolum,

g) stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (nema það sem fram kemur í I. viðauka),

h) vatnsaflsstöðvar,

i) stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú),

j) stöðvar til föngunar á $CO_2$-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla ekki undir I. viðauka þessarar tilskipunar.

4. FRAMLEIÐSLA OG VINNSLA MÁLMA

a) Stöðvar til framleiðslu á hrájárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa,

b) stöðvar til vinnslu járnríkra málma:

i. heitvölsunarstöðvar,

ii. smiðjur með hömrum,

iii. varnarhúðun með bræddum málmum,

c) málmsteypusmiðjur fyrir járnríka málma,

d) stöðvar til bræðslu, þ.m.t. melming, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.),

e) stöðvar til yfirborðsmeðferðar málma og plastefna með rafgreiningarferlum eða efnafræðilegum ferlum,

f) framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki,

g) skipasmíðastöðvar,

h) stöðvar til smíða og viðgerða á loftförum,

i) framleiðsla á járnbrautarbúnaði,

j) málmmótun með sprengiefnum,

k) stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. STEINEFNAIÐNAÐUR

a) Koxofnar (þurreiming kola),

b) sementsverksmiðjur,

c) stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) stöðvar til framleiðslu á gleri, þ.m.t. glertrefjar

e) stöðvar til bræðslu jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinullartrefja

f) framleiðsla á leirvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.

6. EFNAIÐNAÐUR (FRAMKVÆMDIR SEM FALLA EKKI UNDIR I. VIÐAUKA)

a) Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla íðefna,

b) framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum,

c) geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða jarðgasi og aðrar efnavörur.

7. MATVÆLAIÐNAÐUR

a) Framleiðsla á jurta- og dýraolíu og feiti,

b) pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum,

c) framleiðsla á mjólkurafurðum,

d) öl- og bjórgerð,

e) framleiðsla á sætindum og sírópi,

f) sláturhús,

g) stöðvar til sterkjuframleiðslu,

h) fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur,

i) sykurverksmiðjur.

8. TEXTÍL-, LEÐUR-, TIMBUR- OG PAPPÍRSIÐNAÐUR

a) Iðjuver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

b) stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna,

c) stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum,

d) stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.

9. GÚMMÍIÐNAÐUR

Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.

10. FRAMKVÆMDIR Á SVIÐI GRUNNVIRKJA

a) Framkvæmdir á iðnaðarhúsnæði,

b) byggingarframkvæmdir í þéttbýli, að meðtalinni byggingu verslunarmiðstöðva og bílageymslna,

c) lagning járnbrauta og bygging umfermingaraðstöðu fyrir samþætta flutninga og bygging samþættra samgöngumiðstöðva (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) bygging flugvalla (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

e) vegagerð, bygging hafna og hafnarmannvirkja, einnig fiskihafna (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).

f) byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir, sem ekki eru í I. viðauka, gerð skipaskurða og fráveituskurða,

g) stíflur og önnur mannvirki til að hemja eða geyma vatn til langs tíma (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

h) sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga,

i) olíu- og gasleiðslustöðvar og leiðslur fyrir flutning á $CO_2$-straumum til geymslu í jörðu (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

j) vatnsveitustokkar um langan veg,

k) mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum og mannvirki við haf sem geta breytt strandlengju, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja,

l) vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns sem ekki er í I. viðauka,

m) mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasviða sem ekki eru í I. viðauka.

11. AÐRAR FRAMKVÆMDIR

a) Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki,

b) stöðvar til úrgangslosunar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

c) skólphreinsistöðvar (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka),

d) geymslustaðir fyrir seyru,

e) geymsla brotajárns, einnig aflóga ökutækja,

f) prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarftanka,

g) stöðvar sem framleiða steinullartrefjar,

h) stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því,

i) sláturhús.

12. FERÐAÞJÓNUSTA OG TÓMSTUNDIR

a) skíðabrekkur, skíðalyftur og kláfar og skyldar framkvæmdir,

b) smábátahafnir,

c) orlofssvæði og hótelþyrpingar utan þéttbýlissvæða og framkvæmdir sem tengjast þeim,

d) varanleg tjaldstæði og hjólhýsastæði,

e) skemmtigarðar.

13. a) Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir í I. eða II. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið (breyting eða viðbót sem fellur ekki undir I. viðauka),

b) framkvæmdir í I. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

______

*III. VIÐAUKI*

**VALVIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR.**

1. EIGINLEIKAR FRAMKVÆMDA

Athuga þarf eiginleika framkvæmda, einkum með tilliti til:

a) umfangs framkvæmdanna,

b) samlagningaráhrifa við aðrar framkvæmdir,

c) nýtingar náttúruauðlinda,

d) framleiðslu úrgangs,

e) mengunar og ónæðis,

f) slysahættu, einkum með tilliti til efna eða tækni sem notuð er.

2. STAÐSETNING FRAMKVÆMDA

Athuga þarf hversu viðkvæmt umhverfi þeirra landsvæða er, sem líklegt er að framkvæmdir hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

a) landnýtingar sem fyrir er,

b) hlutfallslegrar nægtar, gæða og endurnýjunargetu náttúruauðlinda á svæðinu,

c) mótstöðuafls náttúrlega umhverfisins, með sérstöku tilliti til eftirtalinna svæða:

i. votlendissvæða,

ii. strandsvæða,

iii. fjall- og skóglendis,

iv. náttúruverndarsvæða og þjóðgarða,

v. svæða sem eru skráð eða vernduð samkvæmt lögum aðildarríkja; sérstakra verndarsvæða sem aðildarríkin tilgreina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla ([13]) og tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra ([14]),

vi. svæða þar sem þegar hefur verið farið fram úr umhverfisgæðakröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins,

vii. þéttbýlla svæða,

viii. staða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

3. EIGINLEIKAR HUGSANLEGRA ÁHRIFA

Athuga þarf hugsanleg veruleg áhrif framkvæmda í tengslum við viðmiðanirnar í 1. og 2. lið hér að framan, einkum með tilliti til:

a) umfangs áhrifanna (landsvæðis og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum),

b) áhrifa yfir landamæri,

c) vægis og víxlverkunar áhrifanna,

d) hversu líkleg áhrifin eru,

e) hve lengi áhrifin vara, tíðni þeirra og hvort þau eru afturkallanleg.

---

([13]) Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7.
([14]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

*IV. VIÐAUKI*

**UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.**

1. Lýsing á framkvæmdunum, hér er einkum átt við:

   a) lýsingu á eðliseiginleikum framkvæmdanna í heild og landrýmisþörfum meðan á byggingu og rekstri stendur,

   b) lýsingu á helstu eiginleikum framleiðsluferla, til dæmis eðli og magni þeirra hráefna sem notuð eru,

   c) áætlun, eftir gerð og magni, um efnaleifar og losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita, geislun o.s.frv.) af völdum fyrirhuguðu framkvæmdanna.

2. Yfirlit yfir aðra helstu kosti sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað ásamt helstu forsendum fyrir vali hans, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

3. Lýsing á þeim umhverfisþáttum, sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum, einkum byggð, dýralífi, jurtalífi, jarðvegi, vatni, lofti, loftslagsþáttum, eignum, þar með töldum byggingarsögulegum og fornleifafræðilegum minjum, landslagi og hvernig samspili fyrrgreindra þátta er háttað.

4. Lýsing ([15]) á líklegum umtalsverðum umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda vegna:

   a) tilurðar framkvæmdanna,

   b) nýtingar náttúruauðlinda,

   c) losunar mengunarvalda, ónæðis og úrgangslosunar.

5. Lýsing framkvæmdaraðila á aðferðum sem notaðar eru til að segja fyrir um áhrif á umhverfið sem um getur í 4. lið.

6. Lýsing á ráðstöfunum sem fyrirhugað er að gera til að koma í veg fyrir, draga úr og, ef hægt er, vega á móti umtalsverðum skaðlegum umhverfisáhrifum.

7. Samantekt sem ekki er á tæknimáli um upplýsingarnar sem eru veittar skv. 1.–6. lið.

8. Vísbending um þá erfiðleika (tæknilega annmarka eða skort á verkkunnáttu) sem framkvæmdaraðili hefur staðið frammi fyrir við söfnun upplýsinganna sem krafist er.

______

([15]) Lýsingin skal ná til beinna áhrifa framkvæmdanna, svo og óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samlagningaráhrifa, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrifa, varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra.

*V. VIÐAUKI*

A-HLUTI

**Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar**

(sem um getur í 14. gr.)

| | |
|---|---|
| Tilskipun ráðsins 85/337/EBE<br>(Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40) | |
| Tilskipun ráðsins 97/11/EB<br>(Stjtíð. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5) | |
| Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB<br>(Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17) | Eingöngu 3. gr. |
| Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB<br>(Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114) | Eingöngu 31. gr. |

B-HLUTI

**Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum**

(sem um getur í 14. gr.)

| Tilskipun | Frestur til lögleiðingar |
|---|---|
| 85/337/EBE | 3. júlí 1988 |
| 97/11/EB | 14. mars 1999 |
| 2003/35/EB | 25. júní 2005 |
| 2009/31/EB | 25. júní 2011 |

*VI. VIÐAUKI*

**Samsvörunartafla**

| Tilskipun 85/337/EBE | Þessi tilskipun |
|---|---|
| 1. mgr. 1. gr. | 1. mgr. 1. gr. |
| Fyrsta undirgrein 2. mgr. 1. gr. | Inngangsorð 2. mgr. 1. gr. |
| Inngangsorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr. | inngangsorð a-liðar 2. mgr. 1. gr. |
| Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr. | Fyrsti undirliður a-liðar 2. mgr. 1. gr. |
| Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr. | Annar undirliður a-liðar 2. mgr. 1. gr. |
| Þriðja undirgrein 2. mgr. 1. gr. | b-liður 2. mgr. 1. gr. |
| Fjórða undirgrein 2. mgr. 1. gr. | c-liður 2. mgr. 1. gr. |
| Fimmta undirgrein 2. mgr. 1. gr. | d-liður 2. mgr. 1. gr. |
| Sjötta undirgrein 2. mgr. 1. gr. | e-liður 2. mgr. 1. gr. |
| 3. mgr. 1. gr. | f-liður 2. mgr. 1. gr. |
| 4. mgr. 1. gr. | 3. mgr. 1. gr. |
| 5. mgr. 1. gr. | 4. mgr. 1. gr. |
| 1. mgr. 2. gr. | 1. mgr. 2. gr. |
| 2. mgr. 2. gr. | 2. mgr. 2. gr. |
| 2. mgr. a í 2. gr. | 3. mgr. 2. gr. |
| 3. mgr. 2. gr. | 4. mgr. 2. gr. |
| Inngangsorð 3. gr. | Inngangsorð 3. gr. |
| Fyrsti undirliður 3. gr. | a-liður 3. gr. |
| Annar undirliður 3. gr. | b-liður 3. gr. |
| Þriðji undirliður 3. gr. | c-liður 3. gr. |
| Fjórði undirliður 3. gr. | d-liður 3. gr. |
| 4. gr. | 4. gr. |
| 1. mgr. 5. gr. | 1. mgr. 5. gr. |
| 2. mgr. 5. gr. | 2. mgr. 5. gr. |
| Inngangsorð 3. mgr. 5. gr. | Inngangsorð 3. mgr. 5. gr. |
| Fyrsti undirliður 3. mgr. 5. gr. | a-liður 3. mgr. 5. gr. |
| Annar undirliður 3. mgr. 5. gr. | b-liður 3. mgr. 5. gr. |
| Þriðji undirliður 3. mgr. 5. gr. | c-liður 3. mgr. 5. gr. |
| Fjórði undirliður 3. mgr. 5. gr. | d-liður 3. mgr. 5. gr. |
| Fimmti undirliður 3. mgr. 5. gr. | e-liður 3. mgr. 5. gr. |
| 4. mgr. 5. gr. | 4. mgr. 5. gr. |
| 6. gr. | 6. gr. |
| Inngangsorð 1. mgr. 7. gr. | Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. |

| Tilskipun 85/337/EBE | Þessi tilskipun |
|---|---|
| a-liður 1. mgr. 7. gr. | a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. |
| b-liður 1. mgr. 7. gr. | b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. |
| Lokaorð 1. mgr. 7. gr. | Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr. |
| 2.–5. mgr. 7. gr. | 2.–5. mgr. 7. gr. |
| 8. gr. | 8. gr. |
| Inngangsorð 1. mgr. 9. gr. | Inngangsorð 9. gr. |
| Fyrsti undirliður 1. mgr. 9. gr. | a-liður 1. mgr. 9. gr. |
| Annar undirliður 1. mgr. 9. gr. | b-liður 1. mgr. 9. gr. |
| Þriðji undirliður 1. mgr. 9. gr. | c-liður 1. mgr. 9. gr. |
| 2. mgr. 9. gr. | 2. mgr. 9. gr. |
| 10. gr. | 10. gr. |
| Fyrsta málsgrein 10. gr. a | 1. mgr. 11. gr. |
| Önnur málsgrein 10. gr. a | 2. mgr. 11. gr. |
| Þriðja málsgrein 10. gr. a | 3. mgr. 11. gr. |
| Fjórða og fimmta málsgrein 10. gr. a | Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 11. gr. |
| Sjötta málsgrein 10. gr. a | 5. mgr. 11. gr. |
| 1. mgr. 11. gr. | 1. mgr. 12. gr. |
| 2. mgr. 11. gr. | 2. mgr. 12. gr. |
| 3. mgr. 11. gr. | — |
| 4. mgr. 11. gr. | 3. mgr. 12. gr. |
| 1. mgr. 12. gr. | — |
| 2. mgr. 12. gr. | 13. gr. |
| — | 14. gr. |
| — | 15. gr. |
| 14. gr. | 16. gr. |
| 1. liður í I. viðauka | 1. liður í I. viðauka |
| Fyrsti undirliður 2. liðar í I. viðauka | a-liður 2. liðar í I. viðauka |
| Annar undirliður 2. liðar í I. viðauka | b-liður 2. liðar í I. viðauka |
| a-liður 3. liðar í I. viðauka | a-liður 3. liðar í I. viðauka |
| Inngangsorð b-liðar 3. liðar í I. viðauka. | Inngangsorð b-liðar 3. liðar í I. viðauka. |
| Fyrsti undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka | i. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka |
| Annar undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka | ii. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka |
| Þriðji undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka | iii. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka |
| Fjórði undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka | iv. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka |
| Fimmti undirliður b-liðar 3. liðar í I. viðauka | v. liður b-liðar 3. liðar í I. viðauka |
| Fyrsti undirliður 4. liðar í I. viðauka | a-liður 4. liðar í I. viðauka |

| Tilskipun 85/337/EBE | Þessi tilskipun |
|---|---|
| Annar undirliður 4. liðar í I. viðauka | b-liður 4. liðar í I. viðauka |
| 5. liður í I. viðauka | 5. liður í I. viðauka |
| Inngangsorð 6. liðar í I. viðauka | Inngangsorð 6. liðar í I. viðauka |
| i. liður 6. liðar í I. viðauka | a-liður 6. liðar í I. viðauka |
| ii. liður 6. liðar í I. viðauka | b-liður 6. liðar í I. viðauka |
| iii. liður 6. liðar í I. viðauka | c-liður 6. liðar í I. viðauka |
| iv. liður 6. liðar í I. viðauka | d-liður 6. liðar í I. viðauka |
| v. liður 6. liðar í I. viðauka | e-liður 6. liðar í I. viðauka |
| vi. liður 6. liðar í I. viðauka | f-liður 6. liðar í I. viðauka |
| 7.–15. liður í I. viðauka | 7.–15. liður í I. viðauka |
| Inngangsorð 16. liðar í I. viðauka | Inngangsorð 16. liðar í I. viðauka |
| Fyrsti undirliður 16. liðar í I. viðauka | a-liður 16. liðar í I. viðauka |
| Annar undirliður 16. liðar í I. viðauka | b-liður 16. liðar í I. viðauka |
| 17.–21. liður í I. viðauka | 17.–21. liður í I. viðauka |
| 22. liður í I. viðauka | 24. liður í I. viðauka |
| 23. liður í I. viðauka | 22. liður í I. viðauka |
| 24. liður í I. viðauka | 23. liður í I. viðauka |
| 1. liður í II. viðauka | 1. liður í II. viðauka |
| a-, b- og c-liður 2. liðar í II. viðauka | a-, b- og c-liður 2. liðar í II. viðauka |
| Inngangsorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka | Inngangsorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka |
| Fyrsti undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka | i. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka |
| Annar undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka | ii. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka |
| Þriðji undirliður d-liðar 2. liðar í II. viðauka | iii. liður d-liðar 2. liðar í II. viðauka |
| Lokaorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka | Lokaorð d-liðar 2. liðar í II. viðauka |
| e-liður 2. liðar í II. viðauka | e-liður 2. liðar í II. viðauka |
| 3.–12. liður í II. viðauka | 3.–12. liður í II. viðauka |
| Fyrsti undirliður 13. liðar í II. viðauka | a-liður 13. liðar í II. viðauka |
| Annar undirliður 13. liðar í II. viðauka | b-liður 13. liðar í II. viðauka |
| Inngangsorð 1. liðar í III. viðauka | Inngangsorð 1. liðar í III. viðauka |
| Fyrsti undirliður 1. liðar í III. viðauka | a-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Annar undirliður 1. liðar í III. viðauka | b-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Þriðji undirliður 1. liðar í III. viðauka | c-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Fjórði undirliður 1. liðar í III. viðauka | d-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Fimmti undirliður 1. liðar í III. viðauka | e-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Sjötti undirliður 1. liðar í III. viðauka | f-liður 1. liðar í III. viðauka |
| Inngangsorð 2. liðar í III. viðauka | Inngangsorð 2. liðar í III. viðauka |

| Tilskipun 85/337/EBE | Þessi tilskipun |
|---|---|
| Fyrsti undirliður 2. liðar í III. viðauka | a-liður 2. liðar í III. viðauka |
| Annar undirliður 2. liðar í III. viðauka | b-liður 2. liðar í III. viðauka |
| Inngangsorð þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | Inngangsorð c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| a-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | i. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| b-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | ii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| c-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | iii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| d-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | iv. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| e-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | v. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| f-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | vi. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| g-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | vii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| h-liður þriðja undirliðar 2. liðar í III. viðauka | viii. liður c-liðar 2. liðar í III. viðauka |
| Inngangsorð 3. liðar í III. viðauka | Inngangsorð 3. liðar í III. viðauka |
| Fyrsti undirliður 3. liðar í III. viðauka | a-liður 3. liðar í III. viðauka |
| Annar undirliður 3. liðar í III. viðauka | b-liður 3. liðar í III. viðauka |
| Þriðji undirliður 3. liðar í III. viðauka | c-liður 3. liðar í III. viðauka |
| Fjórði undirliður 3. liðar í III. viðauka | d-liður 3. liðar í III. viðauka |
| Fimmti undirliður 3. liðar í III. viðauka | e-liður 3. liðar í III. viðauka |
| Inngangsorð 1. liðar í IV. viðauka | Inngangsorð 1. liðar í IV. viðauka |
| Fyrsti undirliður 1. liðar í IV. viðauka | a-liður 1. liðar í IV. viðauka |
| Annar undirliður 1. liðar í IV. viðauka | b-liður 1. liðar í IV. viðauka |
| Þriðji undirliður 1. liðar í IV. viðauka | c-liður 1. liðar í IV. viðauka |
| 2. og 3. liður í IV. viðauka | 2. og 3. liður í IV. viðauka |
| Inngangsorð 4. liðar í IV. viðauka | Inngangsorð fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka |
| Fyrsti undirliður 4. liðar í IV. viðauka | a-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka |
| Annar undirliður 4. liðar í IV. viðauka | b-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka |
| Þriðji undirliður 4. liðar í IV. viðauka | c-liður fyrstu undirgreinar 4. liðar í IV. viðauka |
| Lokaorð 4. liðar í IV. viðauka | 5. liður IV. viðauka |
| 5. liður IV. viðauka | 6. liður IV. viðauka |
| 6. liður IV. viðauka | 7. liður IV. viðauka |
| 7. liður IV. viðauka | 8. liður IV. viðauka |
| — | V. VIÐAUKI |
| — | VI. VIÐAUKI |